

Verktækni

Stéttarfélag verkfræðinga Tæknifræðingafélag Íslands Verkfræðingafélag Íslands

4

Kjaramál KTFÍ og SV

6

AFL 20 ára

7

Hækkanir hjá sjóðum KTFÍ

8

Örtæknikjarni

10

Menntunarkröfur

12

Frá formanni VFÍ

1. tbl. 14. árg. 2008



Ljósni/Morgunblaðið

Snjóflóðavarnir – umhverfi og samfélag

Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands, í samstarfi við Umhverfissráðuneytið, Vegagerðina, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Landsnet og Samband íslenskra sveitarfélaga standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu á Egilsstöðum dagana 11. – 14. mars nk. um málefni snjóflóðavarna, mannvirkjagerðar, umhverfis og samfélags. Einnig koma að ráðstefnunni Norges Geotekniske Institutt (NGI) og Wilbauch und Lawinen Verbaaung (WLW) sem hafa komið að mörgum snjóflóðaverkefnum hér á landi á undanförunum árum. Félagasamtökin International Glaciological Society (IGS) eru sérstakur stuðningsaðili ráðstefnunnar.

Frá því að mannskæðar snjóflóðahrinur gengu yfir landið árið 1995 hefur áhersla verið lögð á rannsóknir og þróun á sviði snjóflóðamála og markvissar aðgerðir til þess að draga úr snjóflóðahættu. Þær hafa falist í hættumati, uppbyggingu varnarrirkja og flutningi byggðar af hættusvæð-


um. Eftir þessu hefur verið tekið víða um lönd.

Nokkuð hefur verið fjallað um þau miklu mannvirki sem byggð hafa verið en minna hefur borið á umfjöllun um umhverfi, skipulag og samfélagslega þætti sem þessi mannvirki hafa áhrif á. Markmið ráðstefnunnar er meðal annars að fá fram þverfaglega umræðu um þetta málefni þar sem ólík sjónarhorn eru kynnt eða krufin til mergjar.

Enskt heiti ráðstefnunnar er: International Symposium on Mitigative Measures against Snow Avalanches.

Nánari upplýsingar eru á vef ráðstefnunnar: www.orion.is/snow





Rétt tæki
Réttar aðferðir
Á réttum tíma

Bylting í landmælingum hefur litið dagsins ljós með Trimble í fararbroddi.

Trimble býður ekki einungis framúrskarandi landmælingatækni heldur einnig einvala teymi sérfræðinga sem hafa það eitt að markmiði að þú nái þínum markmiðum.

Trimble býður upp á fjölbreytileika og hágæða lausnir í landmælingum sem færa þig og þína starfsemi inn í framtíðina, hvort sem er á skrifstofunni eða á vettvangi.

Trimble tekur stefnuna með þér.

Snjóflóðavarnir, umhverfi og samfélag

International Symposium on Mitigative Measures against Snow Avalanches. Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands munu standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um snjóflóðavarnir, umhverfi og samfélag á Egilsstöðum dagana 11. – 14. mars 2008. Auk félaganna standa að ráðstefnunni: Umhverfisráðuneytið, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin, Landsnet og Skipulagsstofnun. Vefur ráðstefunnar: <http://www.orion.is/snow2008/>

BNAM 2008

Dagana 17.- 19. ágúst 2008 verður haldin í Reykjavík hljóðráðstefnan BNAM 2008 (Baltic-Nordic Acoustics Meeting). Þar munu hljóðsérfræðingar frá Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum bera saman bækur sínar. Ráðstefnan er haldin á vegum norrænu fagfélaganna

annað hvert ár. Eystrasaltslöndin hafa átt aðild að henni síðastliðinn áratug. Ráðstefnan, sem haldin verður næsta haust, er skipulögð af félagi um hljóðhönnun sem starfar sem faghópur innan vébanda VFÍ og TFÍ. Í undirbúningsnefndinni eru verkfræðingarnir Steindór Guðmundsson, Bergþóra Kristinsdóttir og Sigurður Karlsson. Þess má geta að faghópurinn var stofnaður í september 2006 og er opinn öllum sem hafa áhuga á hljóðhönnun og hljóðvist. Hægt er að skrá sig á póstlista faghópsins hjá skrifstofu VFÍ. Vefur ráðstefunnar <http://www.bnam2008.com>.

Tölvupóstföng

Félagsmenn eru hvattir til að senda upplýsingar um tölvupóstföng sín til skrifstofu félaganna vfi@vfi.is, tfi@tfi.is og sv@sv.is. Þeir sem það vilja eru settir á póstlista og minntir sérstaklega á viðburði á vegum félaganna.

Aðalfundur VFÍ

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 26. mars nk. í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Með vísan til 25. greinar félagslaga VFÍ er hér með auglýst eftir tillögum félagsmanna, en þær þurfa að hafa borist stjórninni fyrir 15. febrúar nk. Úr stjórn eiga að ganga Ólafur Pétur Pálsson, Eysteinn Einarsson og Gísli Pálsson. Gísli hefur setið eitt kjörtímabil og eru því kjörgengur.

Aðalfundur KTFÍ

Aðalfundur Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 27. mars nk. í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Fundurinn hefst kl. 17:00. Tillögur sem á að taka fyrir á fundinum þarf að senda út með fundarboði með viku fyrirvara.

Aðalfundur TFÍ

Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn föstudaginn 31. mars nk. í Verkfræðingahúsi að Engjateigi 9. Með vísan til 13. greinar félagslaga TFÍ er félagsmönnum bent á að tillögur sem þurfa samþykki aðalfundar, skulu hafa borist félaginu fyrir 15. febrúar nk.

Aðalfundur SV

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga verður haldinn fimmtudaginn 3. apríl nk. í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Á dagskrá fundarins verða hefðbundin aðalfundarstörf. Tillögur sem á að taka fyrir á fundinum þarf að senda út með fundarboði með viku fyrirvara.

LEIÐARINN

Kröfur um menntun

Í þessu tölublaði Verktækni er grein eftir Bergþór Þormóðsson, formann TFÍ þar sem hann fjallar um menntunarkröfur félaga tæknifræðinga og verkfræðinga. Tilfni greinarinnar er að TFÍ og VFÍ hafa á síðustu mánuðum borist umsóknir frá nýútskrifuðum nemendum frá Danmörku, sem telja sig uppfylla skilyrði til að kalla sig tæknifræðing eða verkfræðing en svo reynist ekki vera. Á prófskírteinum segir að viðkomandi hafi lokið prófi sem „diplomingeniør“ eða „civilingeniør“. Við nánari eftirgrennslan hefur komið í ljós að námið uppfyllir ekki þau skilyrði sem gilda hér á landi varðandi notkun á starfsheitinum sem er lögvernduð. Ástæðan er sú að námið inniheldur ekki nægilegan fjölda eininga í undirstöðugreinum tæknifræðinnar og verkfræðinnar, þ.e. eðlisfræði, stærðfræði og efnafræði.

Ef til vill þarf að koma því á framfæri við námsráðgjafa, þá sérstaklega í framhaldsskólum, hvaða reglur gilda um starfsheitin og að það er nokkur munur á því námi sem í boði er, þó titillinn á prófskírteininum sé sá sami.

Það sem snýr að ímynd, menntun og faglegrri þekkingu hefur veruleg áhrif á kjaralega hagsmuni. Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands hafa alla tíð lagt metnað sinn í að standa vörð um gæði náms í tæknifræði og verkfræði, enda er það talinn liður í að gæta hagsmuna félagsmanna á sem breiðustum grundvelli. Í ljósi þeirrar stöðu sem komin er upp telja félögin nauðsynlegt að ræða málin heilstætt og stefna að því að boða til ráðstefnu um menntunarmál verkfræðinga og tæknifræðinga næsta haust.

Nýir vefir VFÍ og TFÍ eru nú loksins að komast á koppinn eftir umtalsverðar tafir á uppsetningu. Félagsmönnum verður sent bréf með leiðbeiningum og lykilorði og ég vil hvetja þá að skoða vefina og koma með ábendingar um það sem betur má fara. Nýr vefur SV er í farvatninu og verður tekinn í notkun innan tíðar.

Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.



Aðalfundur KTFÍ verður 27. mars

Aðalfundur Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 27. mars næstkomandi kl. 17:00 í Verkfræðingahúsinu að Engjateigi 9.

Aðalfundur SV verður 3. apríl

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga verður haldinn fimmtudaginn 3. apríl næstkomandi kl. 17:00 í Verkfræðingahúsinu að Engjateigi 9.

Frá Orlofssjóði Stéttarfélags verkfræðinga

Páskaúthlutun í Hraunborgum!

Sjóðfélögum í Orlofssjóði SV gefst nú kostur á að sækja um dvöl í orlofshúsum SV um páskana 2008. Bústaðirnir eru í Hraunborgum í Grímsnesi. Leigutíminn er frá 19.3-26.3. Úthlutun er þannig háttáð að þeir sjóðfélagar sem flest OSV-stig hafa fá vikunum úthlutun að. OSV stig = $(30 + \text{sjóðaldur}) / (1 + \text{fjöldi úthlutana síðustu fimm ár})$.

Úthlutun reiknast síðan til stiga eins og sumarúthlutun. Til þess að sækja um er hægt að sendatölvupóst á netfangið sv@sv.is

Ekki verða send út sérstök umsóknareyðublöð.

Einnig er hægt að hringja á skrifstofu SV. Síminn er: 568 9986.

Umsóknarfrestur er til 16. febrúar.

Vetrarleiga 2007/2008

Akureyri, íbúð hótelmiðar, innan- og utanlands Hraunborgir, 2 orlofshús

Mikil eftirspurn er eftir orlofshúsum OSV í Hraunborgum í Grímsnesi utan sumartíma. Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér þennan kost veturinn 2007-2008 ættu að panta húsin sem fyrst. Eftirspurnin hefur verið mikil þetta haust og allar helgar nýttar. Ekki er um sérstök umsóknareyðublöð að ræða fyrir vetrarleigu en áhugasamir eru beðnir að snúa sér beint til skrifstofu SV. Tölvupóstfang: sv@sv.is og sími: 568-9986.

Í vetur standa félagsmönnum hótelmiðar til boða eins og áður bæði í Reykjavík og úti á landi. Skrifstofan veitir sömuleiðis upplýsingar um þá.

Líkt og liðinn vetur er möguleiki að sækja um íbúðina á Akureyri en hún er í eigu Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS) og er samkomulag um að OSV nýti þær vikur sem eru lausar. Hægt er að skoða íbúðina á: <http://www.foss.bsrb.is/orlofsmal/akureyri/>. Nánari upplýsingar veitir skrifstofa SV.

Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Áhugasamir um þessa kosti eru beðnir að snúa sér til skrifstofu SV. Tölvupóstfang: sv@sv.is og sími: 568-9986.

Starfsmenn hjá sveitarfélögum

Að gefnu tilefni viljum við benda starfsmönnum sveitarfélaga á að fara yfir stigin sín í starfsmatskerfinu. Eftir endurskoðun kjarasamningsins sendi launanefnd sveitarfélaga tilkynningu til sveitarfélaganna um breytingarnar sem gerðar voru. Endurmatið nær til eftirfarandi breytinga og gilda þær afturvirkir frá 1. apríl 2007:

1. Í stjórnunarábyrgð ná stigin nú í 50 stig í stað 40 áður en við bætist nýtt matsatriði sem er staðgengilshlutverk.

Áhrifin eru þessi:

- 40 **Staðgengill yfirstjórnanda**
Staðgengill yfirstjórnanda með 50 stig.

- 50 **Yfirstjórn**
Næsti undirmaður sveitar- og/eða bæjarstjóra, s.s. sviðsstjóri, veitustjóri, bæjartæknifræðingur

2. Breyting var gerð á stigamati í Fjölda ábyrgðarstiga:

Áhrifin eru þessi:

eitt svið	10 stig var áður 0
tvö svið	25 -
þrjú svið	35 -
fjögur eða fleiri	50 -

Félagsmenn eru hvattir til að íhuga hvort ástæða er til að óska eftir launa viðtali.

Að vera í Stéttarfélagi

Stéttarfélag verkfræðinga og Kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands eru að því leyti sérstök meðal stéttarfélaga að um helmingur félagsmanna þeirra eru utan kjarasamninga. Því miður hefur það í seinni tíð orðið útbreidd skoðun meðal háskólamenntaðs fólks að betra sé að vera utan stéttarfélags en innan. Ekki hefur staðið á stjórnendum fyrirtækja að mæla þessari skoðun bót. Margóft heyrst sagt að háskólamenntað fólk sé fullfært um að sjá sínum kjaramálum vel borgið. Það er alveg hárrétt. Ekki má þó gleyma því að vinnuveitendur hafa fagmenn sem sjá um gerð ráðningarsamninga og er full ástæða fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga að gera slíkt hið sama. Það eru of margir sem sitja uppi með lélega ráðningarsamninga og sjá eftir að hafa ekki látið lesa þá yfir fyrir undirritun.


Nú tíma kjarabarátta byggir á upplýsingum. SV og KTFÍ eru upplýsingabrunnar um kjaramál og félögin fylgjast vel með þróun kjaramála bæði hér á Íslandi og í nágrannalöndum. Það hefur reynst mörgum dýrmætt að fá aðstoð stéttarfélags við gerð ráðningarsamnings. Skyld er að það komi fram að í mörgum tilfellum eru þeir sem eru að ráða verkfræðinga og tæknifræðinga ánægðir með að leitað sé til viðkomandi stéttarfélags. Þessir aðilar vilja að starfsmaðurinn sé sáttur og oft eru fyrirtækin með þessu að komast hjá deilum við ráðningarslit með tilheyrandi kostnaði.

Það er skrytið ef sá sem ræður fólk til vinnu vill á einhvern hátt hafa yfirburði þegar til samninga er gengið. Ekki getur það talist eftirsóttur starfskraftur sem í engu skeytir um sín ráðningarkjör en lætur einhliða segja sér hvernig hlutirnir „eigi að vera“.

Prúður G. Haraldsdóttir
sviðsstjóri kjaramála.

Efni á heimasíðurnar

Þeir sem óska eftir að fá birtar tilkynningar, fréttir og annað efni á vefjum VFÍ, SV og TFÍ geta sent tölvupóst til ritstjóra Verktækni (sigrun@vfi.is eða sigrun@tffi.is).



STIGHÆKKANDI
vextir á hávaxta-
reikningum SPRON!

Frábærir vextir

– á sparnaðinn þinn!

SPRON Vaxtabót – allt að 14,90% vextir*

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

SPRON Viðbót – allt að 7,95% vextir*

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stighækkandi vaxtaálag að binditíma loknum

SPRON Veltubót – allt að 14,48% ársávöxtun*

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

Þú getur stofnað reikning á **spron.is**

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 11. janúar 2008

Verkfræðistofan AFL 20 ára

Verkfræðistofan AFL fagnaði nýverið 20 ára afmælinu. Á sama tíma var því fagnað að síðastliðið sumar hlaut AFL gæðavottun samkvæmt ÍST EN ISO 9001:2000 staðlinum. AFL hefur áratuga reynslu á sviðum orkumála, sjálfvirkni- og tölvustýringa, hugbúnaðargerðar og raflagnahönnunar og nær gæðavottunin yfir alla starfsemi fyrirtækisins.

Starfsemi AFLs skiptist í fimm megin svið: raforkusvið, iðnaðar- og hústjórnarsvið, byggingarsvið, hugbúnaðarsvið og orkumála og tölfraeðisvið.

Innan orkusviðs eru verkefni flest tengd flutningskerfum raforku og eru unnin fyrir innlenda og erlenda viðskiptavinum. Þar er um er að ræða áætlanir um uppbyggingu flutningskerfa, hönnun

flutningsmannvirkja og sérhæfðar athuganir á raforkukerfum. Einnig hefur verið unnið að mörgum athugunum á aflvægi kerfisins og skoðuð aflþörf í virkjunum.

Á orkumála og tölfraeðisviði er unnið að verkefnum á sviði orkuspáa, skráningar og úrvinnslu rekstrartruflana, gjaldskráa raforkufyrirtækja og skipulagsmála raforkuiðnaðarinnar.

Á iðnaðar- og hústjórnarsviði er til staðar mikil þekking á forritun sjálfvirkra stjórnkerfa fyrir varmaorkuver, hitaveitur, iðnfyrirtæki og hústjórnkerfi. Verkefni fyrirtækisins á þessu sviði eru m.a. stjórnkerfi fyrir dælustöðvar hitaveitu hjá Orkuveitu Reykjavíkur, stjórnkerfi fyrir Nesjavallavirkjun og fjöldi kerfa fyrir áliðnað sem og annan iðnað. Þróun og uppsetning hústjórnkerfa hefur einnig verið stór þáttur á þessu sviði fyrirtækisins en þar má nefna hústjórnkerfi í Ráðhúsi Reykjavíkur, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og í Perlunni.

Á byggingarsviði er unnið að hönnun raflagna og eftirliti með raflögnum. Verkefni á þessu sviði er mörg en helst

má nefna hönnun raflagna, eftirlit og gerð hústjórnkerfis fyrir Egilshöll og Áslandsskóla. Einnig má nefna raflagnahönnun og eftirlit fyrir ÍSAL, háspennu- og lágspennulagnir fyrir rafveitur og ýmis iðnfyrirtæki.

AFL hefur mikla reynslu í hönnun og uppsetningu gagnasöfnunar- og úrvinnslukerfa og hefur mest verið unnið með Oracle gagnagrunna. Af verkefnum má nefna gagnasöfnunarkerfi fyrir Hjartavernd sem styrkt er af Öldrunarstofnun bandaríska heilbrigðisráðuneytisins.

Starfsmenn AFLs hafa breiðan grunn menntunar og reynslu. Hjá fyrirtækinu starfa nú 13 starfsmenn, verkfræðingar, tæknifræðingar, tölvunarfræðingar og tækniteiknunar. Eigendur AFLs eru rafmagnsverkfræðingarnir Jón Bergmundsson, stjórnarformaður, Jón Vilhjálmsson, fjármálastjóri og Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri.

Vefslóð AFLs er: www.afl.is

Gúmmí undirlegg

Fyrir hellur og flísar á þök, svalir og veröndina



Enginn sandur engir pollar.

Gúmmí undirleggjinn eru sett undir hornin á hellunum og lifta þeim upp um 7mm

þá rennur vatnið undir hellunum en ekki ofan á þeim

Á undirleggjunum er stýring sem myndar 4mm fúgu milli hella, svo þar safnast ekki rik og gróður



Rýni 2008 - Suður Þýskaland

Hafinn er undirbúningur að næstu Rýnisferð. Ráðgert er að halda til Suður Þýskalands dagana 22. september til 2. október 2008. Flogið verður til Frankfurt með Flugleiðum og heim frá Prag með Heimsferðum. Farið verður til Stuttgart og München og fyrirtækjaheimsóknir verða meðal annars til Festo, Inalegur og Südkapel. Þeir sem vilja koma með ábendingar um áhugaverðar skoðunarferðir eru beðnir um að hafa samband við Gústaf A. Hjaltason (gustaf@idan.is) eða Jón Ísaksson Guðmann (jonisa@rarik.is).

Árlegar Rýnisferðir TFÍ, sem hófust árið 1998 með námsferð til Kaupmannahafnar, hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda. Tilgangur ferðanna er að gefa tækni- fræðingum og verkfræðingum kost á að kynna fyrirtækjum, framkvæmdum og stofnunum sem eru í fremstu röð. Rýnisferðin 2008 til Suður Þýskalands er sú ellefta í röðinni.

Munið heimasíður félaganna

www.sv.is

www.vfi.is

www.tfi.is

Hækkunar hjá sjóðum **KTFÍ**

Stjórnir Sjúkrasjóðs KTFÍ og Fjölskyldu- og styrktarsjóðs KTFÍ ákváðu nýlega að hækka styrki í því sem næst öllum flokkum. Starfsreglur sjóðanna voru samræmdar síðastliðið vor. Réttindi sjóðfélaga eru því þau sömu hvort sem þeir vinna hjá hinu opinbera eða í einkageiranum. Sjóðfélagar eru hvattir til að kynna sér réttindi sín.

Sjúkra- og slysadagpeningar

Til viðbótar sjúkradagpeningum TR eða örorkulífeyri frá TR, lífeyrissjóði eða öðrum greiðslum greiðir sjóðurinn dagpeninga til sjóðfélaga. Um er að ræða **dagpeninga vegna veikinda eða slysa sjóðfélaga, dagpeninga vegna langvarandi veikinda maka eða barna sjóðfélaga og dagpeninga vegna læknisrannsókna og örorku. Áður var miðað við 70% af launum er nú 80%.**

Fyrirbyggjandi aðgerðir og verkefni sem stuðla að bættu heilsufari

Endurgreiddur er 75% af kostnaði, samtals fyrir liði 1 til 5 að hámarki kr. 50.000 á hverjum tveimur árum, miðað við fyrstu greiðslu styrks. Greiddir verða eftirfarandi liðir:

1. Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, sjúkranudd, meðferð hjá kírópraktor eða sambærileg meðferð hjá löggitlum heilbrigðisstarfsmanni.
2. Sálfræðiþjónusta, hjúkrunar meðferð, félagsráðgjöf, fjölskylduráðgjöf eða sambærilega meðferð hjá viðurkenndum fagmanni.
3. Faraldsfræðilegar rannsóknir/ hjarta-, lungna- og æðaskoðun.
4. Krabbameinsskoðun.
5. Dvöl á dvalar- og heilsustofnunum að læknisráði.

Einnig er greiddur kostnaður vegna námskeiða til að hætta að reykja og foreldranámskeiða. Að sinni mun sjóðurinn

ekki taka þátt í kostnaði vegna líkamsræktar.

Gleraugu og augnaðgerðir

1. Endurgreitt er allt að 75% af kostnaði sjóðfélaga vegna gleraugna (glerja og/eða linsa) á þriggja ára fresti, að lágmarksupphæð kr.10.000 en að hámarki kr. 50.000.
2. Greiddur er staðlaður styrkur að fjárhæð kr. 75.000 vegna laseraðgerða á öðru auga og 150.000 kr vegna laseraðgerða á báðum augum. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðfélagi samfelld í minnst eitt ár fyrir aðgerð.

Tæknifrjógvanir og ættleiðing

Tæknifrjógvan:

1. Greiddur er styrkur allt að kr. 150.000 vegna meðferða á tæknifrjógvanardeildum.
2. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið sjóðfélagi samfelld í minnst eitt ár fyrir greiðslu styrks.

Ættleiðing:

Greidd er föst fjárhæð að hámarki kr. 200.000.

Heyrnartæki

Greiddur er styrkur til kaupa á heyrnartækjum, allt að 75% af upphæð af tækjabúnaðar að frádregnum styrk Tryggingastofnunar á þriggja ára fresti að hámarki kr. 50.000.

Tannviðgerðir

Greidd eru 30% af tannlæknakostnaði ef hann fer umfram kr. 75.000 á ársgrundvelli. Hámarksgræiðsla er 200.000,- kr. á þriggja ára tímabili.

Útfararstyrkur og dánarbætur

Útfararstyrkur:

1. Greiddur er útfararstyrkur vegna andláts greiðandi sjóðfélaga og barna hans að 20 ára aldri allt að kr. 300.000,-.

2. Sjóðurinn greiðir ennfremur útfararstyrki kr. 150.000,- vegna andláts fyrirverandi sjóðfélaga allt að tveimur árum eftir að viðkomandi hefur hætt störfum vegna aldurs eða örorku.
3. Útfararstyrkur greiðist til þess aðila er annast útförina.

Dánarbætur:

1. Dánarbætur skulu vera hundraðshluti af launum og við ákvörðun greiðslna er miðað við meðalinnborgun í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en réttur til dánarbóta skapast, enda hafi þær verið 1% af launum.
2. Greiðslur skulu vera sem hér segir:
 - a. Fyrir maka eða sambýling: jafngildi 1 mánaðarlauna ef starfsmanni er ekki heimilud fjarvera án skerðingar á launum.
 - b. Fyrir hvert barn sjóðfélaga, yngra en 20 ára: jafngildi ½ mánaðarlauna greiðist til barns eða vörsluaðila. Sama gildir um fráfall annarra nákominna að fengnu mati sál-gæslumanns.

Styrkir eru veittir gegn framvísun reikninga sem sýna útlagðan kostnað sjóðfélaga. Hámark árlegrar styrkuppþæðar nemur 50% af ársiðgjöldum viðkomandi sjóðfélaga. Heimilt er að safna upp iðgjöldum þriggja ára til styrkja. Lágmarksupphæð hverrar afgreiðslu er styrkur að upphæð kr. 10.000. Heimilt er að safna saman reikningum fyrir kostnaði sem sótt er um styrk fyrir.

Hægt er nálgast starfsreglurnar og umsóknareyðublöð á netinu, www.tfi.is. (Valin er stikan „KTFI“ efst á síðunni).


Skilafrestur

Næsta tölublað Verktækni kemur út í lok febrúar. Þeir sem vilja koma efni í Verktækni og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að senda tölvupóst á sigrun@vfi.is eða sigrun@tfi.is.

Danfoss tengigrindur fyrir hitakerfi

Sérhannaðar tengigrindur fyrir íslenskar aðstæður
Vönduð vara úr ryðfríu efni

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita- og snjóbræðslukerfi og fl. Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á tengigrindum fyrir hitakerfi



Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

Hreinherbergi í örtæknikjarna

Í septembermánuði 2006 var formlega opnaður örtæknikjarni við Háskóla Íslands. Kristján Leósson vísindamaður hjá Eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar hafði umsjón með hönnun og uppsetningu á svokölluðu hreinherbergi fyrir örtækni framleiðslu sem er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Þessa aðstöðu nota nú vísindamenn og nemendur við tilraunir í örtækni og framleiðslu á ýmsum nanótækjum.

Á árinu 2004 hófst markviss tækjauppbygging í örtækni hér á landi. Að henni stóðu Vísinda- og tækniráð, Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun Háskólans, Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Háskólinn í Reykjavík. Tækjakostinum var skipt á tvo örtæknikjarna, sá stærri er staðsettur í Háskóla Íslands en hinn á Iðntæknistofnun. Iðntæknistofnun hýsir fyrst og fremst tæki til að greina uppbyggingu og yfirborð efna á örsmæðarkvarða en í Háskóla Íslands er aðstaða fyrir framleiðslubúnað og greiningsartæki tengd honum. Heildarfjárfesting í tækjabúnaði er um 150 milljónir króna.

Hreinherbergið

Örtæknikjarninn í HÍ er í húsi verkfræði- og raunvísindadeildar, VR III við Suðurgötu. Þar er 50 fermetra hreinherbergi þar sem rykmengun í andrúmsloftinu er haldið í lágmarki. Þetta er nauðsynlegt þegar framleiddir eru hlutir sem eru jafn stórir eða minni en rykkorn. Fjöldi rykagna í lofti hreinherbergisins er aðeins 1/1000 af því sem gerist í venjulegu skrifstofurými. Rykmengun kemur fyrst og fremst frá fólkinu sem starfar í hreinherberginu og því þurfa allir sem fara þar inn að klæðast sérstökum hlífðarbúningum.

Örtæknin, þ.e. míkro- og nanótækni hefur átt ríkan þátt í tækniþróun undanfarinna áratuga, hvort sem litið er til tölvutækni, samskiptatækni, efnistækni eða líftækni. Með tilkomu örtæknikjarna hér á landi var stigið stórt skref sem gerir íslenskum vísindamönnum kleift að taka þátt í þessari þróun. Aðstöðu sem þessa má finna við flesta stærri rannsóknaháskóla. Örtæknikjarninn gefur vísindamönnum, framhaldsnemum og fyrirtækjum möguleika á að framleiða hluti á örsmæðarkvarða úr ýmsum efnum, til dæmis gleri, plasti, málmum eða hálfleiðurum. Í hreinherberginu er hægt er að prenta í þessi efni mynstur niður í u.þ.b. 1/100 úr hársbreidd (600 nanómetra) og þykkt efnanna



Kristján Leósson. Í baksýn er hreinherbergið.

getur verið allt niður í einstök atómlög (<1 nanómetri). Á Iðntæknistofnun (nú Nýsköpunarmiðstöð) er búnaður til að skrifa mynstur allt niður í 10-20 nm.

Vantar fleira fólk


Kristján kvartar ekki yfir fjárskorti heldur frekar því að það vanti unga vísindamenn til starfa á þessum vettvangi. „Við vorum mjög praktísk og raunsæ í tækjakaupunum og keyptum að hluta til notuð tæki sem reynast vel. Smæðin hefur vissulega sína kosti og það er fólkið sem skiptir mestu máli, ekki hversu stór og flott aðstaðan er. Svíar voru til dæmis mjög stórtækir og byggðu 1200 fermetra örtæknikjarna með 20 stöðugildum við Chalmers háskólann. Rekstrarkostnaðurinn er gríðarlegur og kannski ekki í réttu hlutfalli við afraksturinn. Við lítum þannig á að það sé frábært að geta stundað rannsóknir á þessu sviði hér heima og uppbyggingin hefði ekki mátt vera hraðari. Við höfum farið þetta skref fyrir skref en nú vantar okkur fólk. Það er alltaf hægt að eyða meiri peningum en þetta hefur gengið vel og það er mikil ánægja og áhugi hér innandyrna.“

Kristján segir að það hafi orðið bylting á síðastliðnum tíu árum hvað varðar styrkveitingar til doktorsverkefna. „Hingað koma doktorsnemar erlendis frá sem hafa ekki möguleika á styrkjum í sínum heimalöndum. Nú þegar hefur fjöldi meistaranema unnið lokaverkefni sín í tengslum við örtæknikjarnann auk þeirra sem leggja stund á fræðilega útreikninga sem tengjast örtækninni, bæði á sviði eðlisfræði og efnifræði.“

Örtæknikjarninn er í samstarfi við læknadeild HÍ, rannsóknastofu Krabbameinsfélagsins og nokkur sprotafyrirtæki. Vonir standa til þess að samstarf við fyrirtæki, til dæmis í líftækniíðnaði, verði einn af hornsteinunum í starfsemi örtæknikjarnans í framtíðinni og að af honum megi einnig spretta ný fyrirtæki.

Forsagan

Uppbyggingin á aðstöðu til örtæknirannsóknna hér á landi á sér nokkra forsögu. Segja má að hún hefjist fyrir alvöru í byrjun ársins 2003 þegar haldin var ráðstefna um mögulegan hátæknikjarna á Íslandi. Í framhaldinu var stofnaður samstarfshópur háskóla, rannsóknastofnana, samtaka og fyrirtækja sem hlaut nafnið Örtæknivettvangur. Í október 2003 skil aði hópurinn skýrslu um stefnumótun og



Kísilflögur með hefðbundnum rafrásum. Tengivirarnir liggja að miðju flögunnar en þar er svæði sem er á stærð við þverskurðarflatarmál eins hárs. Á það svæði mætti skrifa um 5 MB af upplýsingum með rafeindaprentun í örtæknikjarna Nýsköpunarmiðstöðvar. Ljósmynd: Árni Sigurður Ingason.

framtíðarsýn í örtækniáætlunum á Íslandi. Í desember sama ár var haldin ráðstefna þar sem fjallað var um örtækni í tengslum við styrktaráætlun ESB á þessu sviði.

Vísinda- og tækniráð auglýsti eftir tillögum um markáætlun fyrir árin 2005-2009. Örtæknivettvangurinn skilaði inn tillögu um markáætlun í örtækni og varð niðurstaðan sú að örtæknin varð fyrir valinu ásamt erfðafræði í þágu heilbrigðis. Í framhaldinu var Tækjasjóður sérstaklega hvattur til að styðja á eigin forsendum við uppbyggingu aðstöðu og tækjabúnaðar á þeim rannsóknarsviðum sem áætlunin náði til.

Rannsóknaverkefni

Eftir tveggja ára uppbyggingarfasa verður markáætlunin í svokölluðum verkefnafasa á árunum 2008-2010. Á síðasta ári var úthlutað styrkjum til níu verkefna á örtækni sviði fyrir þetta tímabil, þar af voru sjö styrkir veittir rannsóknahópum sem tengjast örtæknijarna HÍ en hin tvö snúast um nanóagnir til staðbundinnar lyfjagjafar. Verkefnin sjö snúa að segulvöldverkun í þunnum húðum, örsmáum strúktúrum úr hálfleiðandi efni sem m.a. er notað í bláar ljósdíóður, rafeiginleikum ofurþunnra húða, þróun nýrrar örflögutækni til smásjárskoðunar lífrænna sýna, örtækniþrentun með rafeindum, upptöku vetnis í þunnum málmhúðum og svokölluðum spunarafeindakerfum sem er ný tegund rafrása. Verkefnin eru fjölbreytt og unnin af vísindamönnum og nemendum á sviði eðlisfræði, efnafræði, líffræði og verkfræði en eiga það þó sameiginlegt að nýta aðstöðu örtæknijarnans til framleiðslu á örsmáum hlutum. Til viðbótar við þau rannsóknaverkefni sem markáætlunin



Nota þarf sérstakan hlífðarfatnað í hreinherberginu.


styrkir eru í gangi verkefni sem styrkt eru af Rannsóknasjóði, Rannsóknasjóði HÍ og verkefni sem unnin eru fyrir fyrirtæki.

Hvatningarverðlaunin 2007

Þess má geta hér að Kristján Leósson hlaut Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs 2007. Hann lauk B.Sc.-prófi í eðlisverkfræði og jafnframt B.A.-prófi í heimspeki sem aukagrein frá Queen's University í Kanada árið 1994. Þá snéri hann heim og lauk M.Sc.-prófi í eðlisfræði frá Háskóla Íslands árið 1996. Fjallaði meistaraverkefni hans um „Hreyfanleika íbótarefna í hálfleiðurum“. Kristján lauk síðan doktorsprófi í rafmagnsverkfræði frá Danmarks



Glerflaga sem á hafa verið prentaðar rafrásir og vökrarásir. Flögur af þessu tagi má t.d. nota til greiningar á mjög litlum vökvásnum. Ljósmynd: Jón Skírniir Ágústsson.



Anna-Karín Eriksson, doktorsnemi í eðlisfræði, framleiðir þunnhúðir sem nýtast sem vetnisgeymsla. Ljósmynd: Árni Sigurður Ingason.

Tekniske Universitet (DTU) árið 2001. Doktorsverkefni Kristjáns fjallaði um ljóseiginleika nanó-agna (skammtapunkta) sem m.a. nýtast í samskiptatækni og líftækni. Fyrir verkefnið fékk hann verðlaun frá „Direktor Peter Gorm-Petersens Mindelegat“ sem veitt eru einum doktorsnema á ári við DTU fyrir framúrskarandi árangur í verkefni, sem tengir saman grundvallarrannsóknir og tækniþróun.

Að námi loknu tók hann þátt í að stofna sprotafyrirtækið Micro Managed Photons A/S og starfaði þar og síðar hjá Lumiscence A/S sem verkefnisstjóri við hönnun og framleiðslu á ljósrásum til ársins 2005 þegar hann flutti aftur heim til Íslands. Helstu rannsóknaverkefni Kristjáns í dag snúast um nýjar tegundir örrása sem geta samtímis leitt rafstraum og ljósmerki og um ljósrásir sem nýta má í líftækni, m.a. til rannsókna á lifandi frumum. Kristján hefur verið mjög afkastamikill vísindamaður og m.a. birt hátt í 40 greinar í ritrýndum tímaritum og bókum og er einnig meðhöfundur á fimm einkaleyfaumsóknum.

Einfalt og gott.



NI CompactDAQ

USB tölvutengd mælikerfi

- Nýtt, nú yfir 30 mælieiningar
- Nýr NI LabVIEW síritunarhugbúnaður innifalinn
- Háhraða USB tenging fyrir meir en 5 MS/s gagnastrom
- Smáger, aðeins 25x9x9 cm að stærð
- Tilvalið í kennslustofuna og í verklegar æfingar

Þjónustuaðili á Íslandi:



Verkfræðistofan Vista
Höfðabakka 9c 110 R
www.vista.is • vista@vista.is
s. 587 88 89

>> Við höldum námskeið í mælitækni
Fáið meiri upplýsingar hjá
ni.com/compactdaq/new



© 2007 National Instruments Corporation. All rights reserved. LabVIEW, National Instruments, NI, ni.com, and NI CompactDAQ are trademarks of National Instruments. Other product and company names listed are trademarks or trade names of their respective companies. 8584-999

Menntunarkröfur félaga tæknifræðinga og verkfræðinga

Mikil gerjun er í menntun tæknimanna á háskólastigi bæði hér á landi og erlendis. Dæmi eru um nýjar og áhugaverðar tæknitengdar greinar við háskólana í nágrennslöndum okkar sem ekki eru þekktar hér á landi. Margir Íslendingar sækja menntun sína til þessara landa og vonast til að námið verði viðurkennt af viðkomandi fagfélagi þegar heim er komið. Starfsheitin tæknifræðingur og verkfræðingur eru lögvernduð starfsheiti samkvæmt lögum nr. 8 frá 11. mars 1996. Einstaklingar sem lokið hafa námi við viðurkennda háskóla sækja um til ráðuneytis umhverfismála um að fá að nota annað hvort starfsheitið. Ráðuneytið sendir umsóknirnar til félaganna og þar er fjallað um þær af annars vegar Menntunarefnd TFI og hins vegar Menntamálanefnd VFÍ.

Á undanförunum misserum hafa fleiri umsóknir en áður borist frá einstaklingum sem í góðri trú sækja um starfsheiti en í ljós kemur að þeir uppfylla ekki skilyrði félaganna varðandi notkun á starfsheitinum. Menntanefndirnar miða úrskurði sína við þær reglur sem félögin hafa sett um fjölda eininga í undirstöðugreinum tæknifræðinnar eða verkfræðinnar.

Þetta veldur umsækjendum nokkurri undran því á prófskráeinum eru þeir

annað hvort sagðir hafa lokið prófi sem „diplomingeniör“ eða „civilingeniör“ (tæknifræðingur eða verkfræðingur). Skýringin á þessum mismun er væntanlega sú að í Danmörku eru þessi fagheiti ekki lögvernduð. Háskólarnir þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um námseiningar til að geta útskrifað nemendur með starfstílinn „diplomingeniör“ eða „civilingeniör“ og eru þær námseiningar aðrar en félögin á Íslandi styðjast við sem undirstöðugreinar.

Nú er farin af stað umræða innan félaga tæknifræðinga og verkfræðinga þar sem leitast verður við að svara því fyrir hvað verkfræðingar og tæknifræðingar standa á vinnumarkaði. Hverjar eru væntingar vinnuveitenda gagnvart þeirri þekkingu og hæfni sem tæknifræðingar og verkfræðingar hafa menntað sig til? Til hvers er ætlast af tæknifræðingum og verkfræðingum á vinnumarkaðinum?

Áður en þessum spurningum verður svarað get ég ekki annað en hvatt ungmanni sem hyggjast hefja nám við tækniháskóla í Danmörku eða í öðrum löndum, að leita til félaganna og fá úr því skorið hvort námið sé viðurkennt af fagfélögum tæknifræðinga og verkfræðinga.

Bergþór Þormóðsson, formaður TFI.

Sjóðir SV

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður hjá Ríki

Umsóknir eru teknar fyrir á stjórnarfundum sem haldnir eru reglulega. Næsti fundur verður **þriðjudaginn 11. mars n.k.** Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu SV (www.sv.is). Valin er stíkan Vísindasjóður, vinstra megin.

Undanfarin ár hefur álíka mikið verið greitt í sjóðinn og greitt hefur verið úr honum. Það er því rík ástæða að hvetja sjóðfélaga til að sækja um styrki.

Hægt er að sækja um styrki sem nema allt að kr. 390.000. Meðal annars eru veittir styrkir til tölvukaupa. Skilyrt er að minnst fjögur ár líði á milli styrkveitinga til tölvukaupa sem eru að hámarki kr.130.000. Styrkir eru veittir til að sækja námskeið og ráðstefnur, til kaupa á bókum o.fl.

Starfsmenntunarsjóður hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögum

Umsóknir eru afgreiddar á stjórnarfundum sem haldnir eru reglulega. Næsti fundur verður **föstudaginn 7. mars nk.** Upphæð hámarksstyrkja er kr. 390.000. Réttindi aukast um kr. 130.000 á ári ef ekki er greiddur styrkur en verða ekki meiri en kr. 780.000.

Sjóðfélagar eru sérstaklega hvattir til að sækja um styrki til endurmenntunar enda er hún ein af mikilvægustu þáttunum í sókn til hærri launa.

Vakin er athygli á því að þeir verkfræðingar sem starfa hjá sveitarfélögum sem gefa Launanevnd sveitarfélaga umboð til samninga við SV eiga aðild að sjóðnum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu SV: <http://www.sv.is/>. Valin er stíkan Starfsmenntunarsjóður vinstra megin.

Styrkir eru veittir til að sækja námskeið og ráðstefnur, til kaupa á bókum, tölvum o.fl. Upphæð tölvustyrkja er að hámarki kr.130.000.



Trégluggar og -hurðir



Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!



Gluggasmiðjan

Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is

Námskeið á vegum Endurmenntunar HÍ

Almenn vörustjórnun: Stjórnun flutninga og dreifing

Fjallað almennt um helstu þætti vörustjórnunar í flutningamálum og dreifingu. Mismunandi eiginleikum mismunandi flutningamáta, vörubíla-, lesta-, flug- og sjóflutninga eru gerð skil og forsendur vals á flutningamáta skoðuð, hérlendis og erlendis. Uppbygging dreifingarkerfa verður skoðuð, þar sem áhersla er lögð á að greina forsendur miðlægra og dreifðra dreifingarkerfa, hvaða hlutverk mismunandi einingar í dreifikerfum hafa og hvernig má bæta stjórnun í birgðageymslum og dreifingarstöðvum. Umhverfisáhrif flutninga og dreifingar verða einnig könnuð.

Kennari: Gunnar Stefánsson, Ph.D.
Tími: Fös. 15. og 22. feb. kl. 8:15-12:00.
Verð: kr. 28.300.-

Florence Kennedy: Vinnustofa í samningatækni

Færni í samningatækni er afar mikilvæg í öllum nútímavíðskiptum. MPM nám verkfræðideildar HÍ, í samstarfi við Endurmenntun HÍ, býður nú til öflugs námskeiðs í samningatækni í umsjá eins af fremstu sérfræðingum Breta á þessu sviði, Florence Kennedy. Um er að ræða efnismikla og krefjandi vinnustofu þar sem kennt er með raunhæfum verkefnum og æfingum sem skerpa sýn og auka á

skilvirkan hátt samningatækni þátttakenda.

Kennari: Florence Kennedy, framkvæmdastjóri Negotiate Ltd. í Edinborg.

Tími: Mán. 31. mar. og þri. 1. apr. kl. 8:15-16:00.

Verð: kr. 67.100.-

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf

Farið er í hugmyndir, aðferðir og þróun gæðastjórnunar á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Einnig í ábyrgð og hlutverk stjórnenda í gæðastarfi. Gefið er yfirlit yfir ISO 9000 staðlana og altæka gæðastjórnun. Kynntar mats- og mæliaðferðir í gæðastarfi, s.s. sjálfsmat, vottun, samanburðarmælingar (benchmarking), samhæfð mælikerfi (Balanced Scorecard), ánægjuvög viðskiptavina og gæðaverðlaun. Áhersla er lögð á að vinna hagnýt verkefni sem miða að því að móta gæðastefnu, leysa vandamál í ferlum og setja fram lausnir í formi verklagsreglna.

Kennari: Davíð Lúdvíksson, rekstrarverkfræðingur og forstöðumaður þjónustu- og þróunarviðs hjá Samtökum iðnaðarinnar.

Tími: Mið. 2. apríl kl. 8:30-16:00, fim. 3. og fös. 4. apríl kl. 13:00-17:00 (3x).

Verð: 44.500.-

Verkfæri í verkefnastjórnun

Farið verður í grundvallaratriði nokkurra verkfæra sem nýtast í verkefnastjórnun, bæði við undirbúning og áætlanagerð sem og við eftirfylgni. Hugkort verða kynnt, bæði grunnatriði þeirra en einnig hvernig þau nýtast í verkefnastjórnun og verkefnavinnu. Einnig verður hugkortagerð með tölvuforritum sýnd með sérstakri áherslu á MindManager og æfingu í notkun þess forrits. Farið verður í grundvallaratriði verkáætlanagerðar og forrit sem nýtast við gerð verkáætlana verða kynnt. Farið verður í gegnum hnitmiðaða æfingu á grundvelli MS Project og JCV - Gantt og nemendum gefið gott yfirlit yfir styrkleika og veikleika þessara tóla og hvenær þau eiga helst við. Einnig verður farið í notkun á hugbúnaði og lausnum sem snúa að verkefnastjórnun á netinu.

Kennari: Árni Sigurður Ingason MSc., vélaverkfræðingur.

Tími: Mán. 11. og mið. 13. feb. kl. 8:30-12:30.

Verð: kr. 36.900.-

Nánari upplýsingar og skráning á námskeiðin er á vef Endurmenntunar HÍ, www.endurmenntun.is og í síma 525 4444.

Frá formanni VFÍ

Vegna ályktunar Kvennanefndar

Í tilefni af ráðningu nýs orkumálastjóra sendi Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands iðnaðarráðherra bréf, þann 3. janúar síðastliðinn, þar sem sjónarmiðum nefndarinnar var komið á framfæri.

Bréfið var einnig sent á alla fjölmiðla og undirritað af stjórn nefndarinnar. Nafn undirritaðar var þar á meðal en hún er ein af fimm stjórnarmönnum nefndarinnar. Í forföllum formanns nefndarinnar féllst ég á að veita Ríkissjónvarpinu viðtal. Hvorki í bréfinu né í viðtalinu kemur fram

að þetta sé sjónarmið Verkfræðingafélags Íslands. Það var sérstaklega tekið fram við fréttamann Sjónvarps að þetta væri ályktun Kvennanefndar VFÍ og ítrekað að undirrituð veitti viðtal sem stjórnarmaður í nefndinni. Það er því alfarið á ábyrgð fréttamannsins að í kynningu á fréttinni var notaður titillinn formaður Verkfræðingafélags Íslands.

Reykjavík, 14. janúar 2007.
Jóhanna Harpa Árnadóttir.

Tafir á uppsetningu vefja

Eins og sagt hefur verið frá hér á síðum Verktækni þá hefur undanfarna mánuði verið unnið að gerð nýrra vefja fyrir VFÍ og TFÍ. Ráðgert var að vefirnir færu í loftið í upphafi ársins en ófyrirsjáanlegar tafir urðu á lokasprettinum. Þegar þetta er skrifað eru vefirnir tilbúnir en nýr vefur SV verður tekin í notkun fljótlega.

Vefir félaganna þriggja verða með svipuðu útliti og að mestu sama innihaldi. Nýju vefirnir munu bjóða upp á mun meiri gagnvirkni, til dæmis varðandi

stöðu umsókna, m.a. úr sjúkra-, orlofs- og endurmenntunarsjóðum. Einnig verður sameiginlegt spjallsvæði þar sem félagsmenn geta skipst á skoðunum. Félagmenn VFÍ og TFÍ fá á næstu dögum bréf með leiðbeiningum og lykilorði.

Félagsmenn eru vinsamlega beðnir um að skoða vefina og koma með ábendingar um það sem betur má fara. Ritstjóri vefjanna er Sigrún S. Hafstein, sem jafnframt ritstýrir Verktækni. Tölvupóstfang: sigrun@vfi.is eða sigrun@tfi.is



International Symposium
on
Mitigative Measures against Snow Avalanches

11. -14. March 2008, Egilsstaðir Iceland

Engineering - Environment - Society

Verkfræðideild
Háskóla Íslands:
**Tvær
alþjóðlegar
ráðstefnur**

Um mánaðamótin ágúst-september verður haldin í Reykjavík 11. alþjóðaráðstefnan um hita- og kæliveitur (The 11th International Symposium on District Heating and Cooling). Ráðstefnan er skipulögð af Verkfræðideild Háskóla Íslands í samvinnu við Norrænar orkurannsóknir og Samorku. Sjá nánar www.dhc2008.hi.is

Um miðjan ágúst verður haldin stór alþjóðleg ráðstefna um varma- og straumfræði (19th International Symposium on Transport Phenomena). Ráðstefna er skipulögð af Verkfræðideild Háskóla Íslands. Sjá nánar <http://hi.is/ISTP-19/>



Heimsókn meistara- og doktorsnema

Á hverju ári bjóða Verkfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag verkfræðinga meistara- og doktorsnemum við verkfræðideild Háskóla Íslands í heimsókn. Markmiðið er að kynna nemendum starfsemi og þjónustu félanna. Undanfarin ár hefur áhugi á verkfræð-

inni aukist jafnt og þétt, bæði í grunn- og meistaranámi og umsóknir hafa aldrei verið fleiri en síðastliðið haust. Þess má geta að nú eru 18 nemendur í doktorsnámi við verkfræðideildina og kemur um þriðjungur þeirra erlendis frá.

VIROC fjölnota byggingaplatan

STÆRÐ PLÖTU: 1200 X 3000 MM
5 ÞYKKTIR: 8, 10, 12, 16 og 19mm
RÚMÞYNGD: 1300 kg/M³
BRUNARÞOL: 10 mm í flokki 1.
Viðurkennt af B.R - VIROC er prófað af R.B. að Keldum



UTANHÜSSKLÆDNING



- málað eða hraunað

EININGAHÚS



- ytra og innra byrði

MILLIVEGGIR




- A60eldvörn

BITAKLÆDNING



- eldvörn fyrir stálbita

LAGNASTOKKUR



- eld- og hljóðvörn

GÓLFPLÖTUR



- hentar í blautrymi



P. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúla 29 - 108 Reykjavík - 5538640 - www.thco.is





Almenna
verkfræðistofan
FRÁMÖTUN
ARMANNVERKI
av@almenna.is - www.almenna.is

ASETA
Sími: 533 1600



ALFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755
www.alfaborg.is



Danfoss hf.
SKÚTUVOGI 6 SÍMI 510 4100
www.danfoss.is



FJARHITUN
VERKFRÆÐISTOFA
Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Sími 578 4500, fax 578 4599
Vefsíða www.fjarhitun.is
Netfang fjarhitun@fjarhitun.is



FJÖLHÖNNUN ehf.
Verkfræðistofa
Stórhöfða 27 - 110 Reykjavík
Sími: 525-0300 - Fax: 525-0309
www.fjolphonnun.is
fjolphonnun@fjolphonnun.is



Glófaxi ehf
Iðnaðar- og eldvarnarhurðir
Ármúla 42, 108 Rvk.
S: 553 4236 glofaxi@simnet.is



HÉÐINN
Stórárs 6 • 210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101
www.hedinn.is • hedinn@hedinn.is



HS
HITASTYRING hf.
Ármúla 16 - 108 Reykjavík
Sími: 552 2222 - Fax: 562 4966
hitastyring@hitastyring.is



HITAVEITA
SUBURNESJA HF.
Pósthólf 225 • 231 Reykjanesbær
S: 422 5200 • F: 421 4727
www.hs.is • hs@hs.is
Netf. forst.: julius@hs.is



HNIT HF
VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
Sími 570-0500, fax 570-0503
hnit@hnit.is, www.hnit.is



ÍSLEIFUR
JÓNSSON
Dragháls 14 - 16 • 110 Reykjavík
Sími, 4 12 12 00 • www.isleifur.is



ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMÍÐJA EHF.
Bildshöfða 12, 110 Reykjavík
sími 587 6666 - fax 567 3624
www.isloft.is - isloft@isloft.is



ÍSMAR
Við mælum með því besta



ÍSTAK



LAGNATÆKNI
Hönnunar- og ráðgjafarstofa / FRV



Línuhönnun
verkfræðistofa
Suðurlandsbraut 4a • 108 Reykjavík
Sími 585 1500 • Fax 585 1501
lh@lh.is • www.lh.is
...á vit göðra verka



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands
Keldnaholti 112 Reykjavík
Norðurlóð 600 Akureyri
Suðurgötu 12, 400 Ísafirði
Sími 522 9000, bréfsími 522 9111



Rafhönnun
Ármúli 42 • 108 Reykjavík
Sími 530 8000 • Fax 588 8302
www.rafhonnun.is • rafhonnun@rafhonnun.is



RAFSTJÓRN ehf.
Stangarhyl 1A • 110 Reykjavík
Sími 587 8890 • Fax 567 8090
rafstjorn@rafstjorn.is
www.rafstjorn.is
Virgni loftræstikerfa er okkar fag



RAFTEKNIING HF
RAGLJANNAHÖNNUNAR
CONSULTING ENGINEERS
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
S: 520 1700
www.rafstekning.is • raf@rafstekning.is



RT EHF LTD
R A F A G N A T Æ K N I
SÍÐUMÚLA 1 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 7555 - FAX 568 7556
NÝ HEIMASÍÐA : www.rt.is



RTS
VERKFRÆÐISTOFA
Grensásvegur 3
108 Reykjavík
Sími 520 9900
Fax 520 9901
www.rts.is



SAMSKIPTI
prentlausnir
fyrir skapandi fólk
sími 580 7800 • www.samskipti.is



SI
Samtök iðnaðarins
www.si.is



spron



STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
A-algötu 21 • 550 Sau-árkróki
Sími 453 0500 Fax 453 6021
stod@simnet.is



Sökkull ehf.
Funahöfða 9
110 Reykjavík
S: 5776100
Fax: 5776104
www.sokkull.is
sokkull@sokkull.is



Teiknistofa PZ ehf
Ráðgjafaverkfræðistofa
Kirkjuvegi 23 • Vestmannaeyjum
Sími 481 2711 • tpzp@eyjar.is
www.teiknistofa.is



VERKFRÆÐISTOFA
AUSTURLANDS



VERKFRÆÐISTOFA
Jóhanns Indriðasonar ehf.
Síðumúli 1 • 108 Reykjavík • Sími 560 5400 • Fax 560 5410 • www.vjis



Un
Verkfræðistofa
Norðurlands ehf



VERKFRÆÐISTOFA
SUÐURLANDS EHF
Austurvegi 3 - 5 • 800 Selfoss
Sími 482 3900 • Fax 482 3914
verksud@verksud.is



AFL
Verkfræðistofa
Bildshöfða 14 sími: 580 7700 www.afl.is



VGK HÖNNUN
Grensásvegi 1, 108 Reykjavík
Sími: 422 3000 / Fax: 422 3001
vgkhonnun@vgkhonnun.is / www.vgkhonnun.is



VÍÐSJÁ
VERKFRÆÐISTOFA FRV
561
9040



VSB
VERKFRÆÐISTOFA
BÆJARHRAUNI 20 • 220 HAFNARFJÖRÐUR




VSÓ RÁÐGJÖF
Borgartúni 20, 105 Reykjavík
sími: 585 9000, fax: 585 9010
netfang: vso@vso.is
heimasíða: www.vso.is




VST
Verkfræðistofa
Sigurðar Thoróðssen hf.
Veffang: www.vst.is



VERKFRÆÐISTOFAN
ÖNNI
Ei-istorgi 15, Seltjarnarnesi
Sími 552 6825 • Fax 552 6434
Gsm 895 7289 • verkonn@simnet.is



Autodesk Inventor® 2008 er rétta valið fyrir nýja notendur og þá sem eru að færa sig úr tvívíddar hönnun í þrívídd. Inventor® er með fullkomnum verkfærum fyrir bæði þrí- og tvívíddarvinnslu. Þú getur byggt á og haldið áfram að nýta gömul tvívíddargögn úr AutoCAD®. Inventor Professional® 2008 gefur möguleika á að hanna einnig loft- og vökvakerfi, raflagnir í vélar, gera hreyfilíkan og reikna álag. Autodesk Vault kerfið til útgáfustýringar svo og AutoCAD® Mechanical 2008 fylgir með. Engin furða að Autodesk Inventor® 2008 Series er mest selda þrívíddar hönnunarforritið.



AutoCAD® Mechanical 2008 er skradda-rasaumaður tvívíddar hugbúnaður fyrir vélrænna hönnun og teikningu og býður upp á verulega afkastaaukningu við hönnun vélrænna hluta. Innifalið er íhlutasafn sem byggir á alþóða stöðlum svo sem ANSI; DIN, ISO ofl. Auk þessa eru teikniverkfæri til að sjálfvirkni í teikningagerð verði enn meiri en þekkt frá "venjulegum" AutoCAD®




AutoCAD® 2008 Electrical er hluti af AutoCAD 2008 fjölskyldunni.

Ef þú hannar rásateikningar eða einlínu-teikningar fyrir véla, fyrir videokerfi, fyrir hljóðkerfi, stjórnkerfi osfrv. þá er AutoCAD® Electrical fyrir þig.

AutoCAD Electrical byggir á AutoCAD og er leiðandi á sínu sviði. AutoCAD Electrical getur móttekið frá og sent upplýsingar til Autodesk Inventor

AutoCAD® Electrical - hið augljósa val - kostar minna en þú heldur.



Autodesk VIZ 2008


Trúðu þínum eigin augum.

Hugbúnaður til að myndgera þína hönnun.

Fyrir arkitekta, verkfræðinga, tækniteknara og aðra sem þúfa að myndgera hönnun.

Einfalt í notkun og með fullkomnar aðgerðir til að búa til mól, skilgreina hreyfingar, setja inn lýsingu og svo búa til endanlegu myndina.


Frábær viðbót við AutoCAD og Inventor



AutoCAD® LT 2008 teiknihugbúnaðurinn - mest selda tvívíddar teikniforrit í heimi - er orðinn enn betri. Nú með "Dynamic Blocks", "Layer Express Tools" og enn auðveldari teikniaðgerðum ásamt mörgum öðrum nýjungum.

edgeCAM[®] 12
version

CAD ehf
Skiopholt 50 A - 105 Reykjavík, Iceland
tel: +354 552 3990 - fax: +354 552 3992
www.cad.is - cad@cad.is



Autodesk[®]
Authorised Reseller



Kerfisloft



Svalagler



Steypumót



Stigar



Girðingar



Aksturs- og iðnaðarhurðir




Felliveggir



Gámaeiningar



Gluggar og hurðir



Hleðslubrýr



Gler og glerlausnir



Kranar og vinnulyftur



Stálgrindarhús

Ertu í framkvæmdahug?

formaco

hefur lausnirnar fyrir þig!



www.formaco.is

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 412 1700 · Fax 412 1799 · formaco@formaco.is

formaco